


Leiðbeiningar um notkun sveiflusjár Málvísindastofnunar

Eiríkur Rögnvaldsson, febrúar 1989



Stingið sveiflusjárni í samband, og kveikið á henni með því að toga í aðalrofann (X). Bíðið í u.þ.b. hálfa mínútu, en þá eiga bjartir flekkir að hafa birst á skjánum. Takið þá hljóðnemann og þrýstið á rofann á honum. Þá hverfa flekkirnir snögglega, en skær punktur birtist yst til vinstri á skjánum; annaðhvort á honum miðjum eða niðri í horni, eftir

Því hvort rofinn (A) er stilltur á UPPER SCREEN (efri helming skjásins) eða LOWER SCREEN (neðri helminginn). Punkturinn líður síðan yfir skjáinn, en skilur eftir sig bjarta slóð. Hraði punktsins fer eftir stöðu TIME-stillisins (D); ferðin þvert yfir skjáinn getur tekið eina, tvær, fjórar eða átta sekúndur.

Prófið nú að þrýsta aftur á rofann á hljóðnemanum, og segja eitthvað um leið, með varirnar mjög nærri hljóðnemanum. Í staðinn fyrir að skæri punkturinn líði yfir skjáinn í láréttri línu hreyfist hann þá upp og niður með röddinni. Það er hins vegar misjafnt hvort sú hreyfing fylgir tónhæð raddarinnar, styrk hennar eða hvorutveggja; það fer eftir því hvort rofinn (B) er stilltur á PITCH (tónhæð), INTENSITY (styrk), eða P + I (hvorttveggja).

Ef rofinn er stilltur á PITCH, er hægt að mæla tíðni grunntónsins. Það er gert með því að færa rofann CURSOR (F) á ON; þá birtist mjög skær punktur einhvers staðar á skjánum. Hægt er að færa hann til með því að snúa tveim stefnusnerlum; sá vinstri (E) færir punktinn upp og niður, en sá hægri (G) færir hann til hægri og vinstri. Í glugganum þar fyrir ofan (N) má síðan lesa tíðni grunntónsins. Að mælingu lokinni þarf svo að smella CURSOR-rofanum (F) aftur á OFF.

Það getur komið sér vel að geta borið saman tónfall eða styrk tveggja setninga, eða borið saman hvernig tveir málhafar segja sömu setningu, o.s.frv. Því er hentugt að sveiflusjáin skuli hafa tvískiptan skjá. Hægt er að geyma það sem er á efri skjánum með því að þrýsta á hnappinn (T); þá ýtist hnappurinn (S) út. Síðan þarf að smella rofanum (A) frá UPPER SCREEN yfir á LOWER SCREEN, og þá er hægt að nota neðri hluta skjásins og bera það sem sagt er saman við mynstrið sem helst kyrrt á efri hlutanum. Á sama hátt er hægt að geyma það sem er á neðri hluta skjásins með því að ýta á (S) þannig að (T) þrýstist út.

Neðst til vinstri (C) er stilling fyrir kvörðun, RANGE. Fyrir karlaraddir er best að stilla á A, en kvenröddum hentar betur B eða jafnvel C. Einnig getið þið prófað ykkur áfram með tímastillinguna (D); venjulega hentar best að stilla á 2 eða 4 sekúndur.